

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/1293****2020/EES/54/09****frá 29. júlí 2019**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013 að því er varðar skrána yfir yfirráðasvæði og þriðju lönd í II. viðauka og fyrirmyndina að dýraheilbrigðisvottorði fyrir hunda, ketti og frettur sem sett er fram í IV. viðauka (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 576/2013 frá 12. júní 2013 um gæludýraflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 998/2003 <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 577/2013 <sup>(2)</sup> er meðal annars kveðið á um skránar yfir yfirráðasvæði og þriðju lönd, sem um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 576/2013, og dýraheilbrigðisvottorðið sem er krafist fyrir tilflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, á hundum, köttum og frettum inn til aðildarríkis frá yfirráðasvæðum og þriðju löndum.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013 var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 66/2016 <sup>(3)</sup> og gildir að fullu um Noreg á sama hátt og um aðildarríki Evrópusambandsins.
- 3) Noregur er tilgreindur í 1. hluta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013. Með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 66/2016 eru settar reglur um tilflutning, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, á hundum, köttum og frettum inn til aðildarríkis frá Noregi. Því er nauðsynlegt að fella Noreg brott úr skránni yfir yfirráðasvæði og þriðju lönd sem sett er fram í 1. hluta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013.
- 4) Einnig er nauðsynlegt að birta nýtt heiti Makedóníu (Fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu) í skránni yfir yfirráðasvæði og þriðju lönd sem sett er fram í 2. hluta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013.
- 5) Í reglugerð (ESB) nr. 576/2013 er meðal annars kveðið á um að hundar, kettir og frettur sem eru flutt inn til aðildarríkis frá yfirráðasvæði eða þriðja landi, í tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis, skulu hlíta fyrirbyggjandi heilbrigðisráðstöfunum gegn sjúkdómum og sýkingum, öðrum en hundaeði, sem samþykkt voru skv. 1. mgr. 19. gr. og að þeim skuli fylgja auðkennisskírteini á sniði dýraheilbrigðisvottorðs. Í 1. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 577/2013 er sett fram fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði.
- 6) Að auki, í kjölfar skyldubundinnar endurskoðunar á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2011 <sup>(4)</sup>, samþykkti framkvæmdastjórnin framselda reglugerð (ESB) 2018/772 <sup>(5)</sup> þar sem m.a. er mælt fyrir um reglur um flokkun aðildarríkja eða hluta þeirra í ljósi hæfni þeirra til að beita fyrirbyggjandi heilbrigðisráðstöfunum til varnar sýkingu í hundum af völdum *Echinococcus multilocularis*. Með framseldri reglugerð (ESB) 2018/772 er framseld reglugerð (ESB) nr. 1152/2011 felld úr gildi frá og með 1. júlí 2018.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 204, 2.8.2019, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 96/2020 frá 14. Júlí 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 577/2013 frá 28. júní 2013 um fyrirmyndir að auðkennisskírteinum fyrir flutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, á hundum, köttum og frettum, um að koma á fót skránni yfir yfirráðasvæði og þriðju lönd og um snið, útlit og tungumálakröfur sem varða yfirlýsingarnar sem staðfesta að tiltekin skilyrði, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 576/2013, séu uppfyllt (Stjttíð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 109).

(3) Ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 66/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn [2017/2017] (Stjttíð. ESB, L 300, 16.11.2017, bls. 1).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1152/2011 frá 14. júlí 2011 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 að því er varðar fyrirbyggjandi heilbrigðisráðstafanir til varnar sýkingum í hundum af völdum *Echinococcus multilocularis* (Stjttíð. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 6).

(5) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/772 frá 21. nóvember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 576/2013 að því er varðar fyrirbyggjandi heilbrigðisráðstafanir til varnar sýkingum í hundum af völdum *Echinococcus multilocularis* og um niðurfellingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1152/2011 (Stjttíð. ESB L 130, 28.5.2018, bls. 1).

- 7) Skráin yfir aðildarríki sem fara að reglum um flokkun, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2018/772, fyrir allt yfirráðasvæðið eða hluta þess er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/878 <sup>(1)</sup>.
- 8) Því er rétt að skipta tilvísununum í framselda reglugerð (ESB) nr. 1152/2011 út fyrir tilvísanir í framselda reglugerð (ESB) 2018/722 og í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/878 í fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorði í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013.
- 9) Því ætti að breyta II. og IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013 til samræmis við það.
- 10) Til að forðast röskun á tilflutningi á hundum, köttum og frettum ætti að heimila notkun dýraheilbrigðisvottorða sem gefin eru út í samræmi við 1. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/561 <sup>(2)</sup>, til 28. febrúar 2020.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. hluta II. viðauka kemur textinn í I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Í stað 2. hluta II. viðauka kemur textinn í II. viðauka við þessa reglugerð.
- 3) Í stað 1. hluta IV. viðauka kemur textinn í III. viðauka við þessa reglugerð.

##### 2. gr.

Aðildarríki skulu, á umbreytingartímabili sem stendur til 28. febrúar 2020, heimila komu hunda, katta og fretta sem eru flutt inn til aðildarríkis, í tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis, frá yfirráðasvæði eða þriðja landi og sem fylgir dýraheilbrigðisvottorði sem er gefið út eigi síðar en 31. október 2019 í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 1. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/561.

##### 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2019.

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/878 frá 18. júní 2018 um að samþykkja skrá yfir aðildarríki eða hluta af yfirráðasvæði aðildarríkja sem fara að reglum um flokkun, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/772, varðandi beitingu fyrirbyggjandi heilbrigðisráðstafana til varnar sýkingum í hundum af völdum *Echinococcus multilocularis* (Stjtíð. ESB L 155, 19.6.2018, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/561 frá 11. apríl 2016 um breytingu á IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013 að því er varðar fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði fyrir hunda, ketti og frettur sem eru flutt inn til aðildarríkis frá yfirráðasvæði eða þriðja landi í tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis (Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2016, bls. 26).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júlí 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

## „1. HLUTI

**Skrá yfir yfirráðasvæði og þriðju lönd sem um getur í 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 576/2013**

ISO-kóði	Yfirráðasvæði eða þriðja land
AD	Andorra
CH	Sviss
FO	Færeyjar
GI	Gíbraltar
GL	Grænland
IS	Ísland
LI	Liechtenstein
MC	Mónakó
SM	San Marínó
VA	Páfagarður (Vatíkanið)“

## II. VIÐAUKI

## „2. HLUTI

**Skrá yfir yfirráðasvæði og þriðju lönd sem um getur í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 576/2013**

ISO-kóði	Yfirráðasvæði eða þriðja land	Meðtalin yfirráðasvæði
AC	Ascension-eyja	
AE	Sameinuðu arabísku furstadæmin	
AG	Antígva og Barbúda	
AR	Argentína	
AU	Ástralía	
AW	Arúba	
BA	Bosnía og Hersegóvína	
BB	Barbados	
BH	Barein	
BM	Bermúdaeyjar	
BQ	Bonaire, Sankti Estatíusey og Saba (BES-eyjarnar)	
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)	
CA	Kanada	
CL	Chile (Síle)	
CW	Curaçao	
FJ	Fíji	
FK	Falklandseyjar	
HK	Hong Kong	
JM	Jamaíka	
JP	Japan	
KN	Sankti Kitts og Nevis	
KY	Cayman-eyjar	
LC	Sankti Lúsía	
MS	Montserrat	
MK	Norður-Makedónía	
MU	Máritíus	
MX	Mexíkó	
MY	Malasía	

ISO-kóði	Yfirráðasvæði eða þriðja land	Meðtalin yfirráðasvæði
NC	Nýja-Kaledónía	
NZ	Nýja-Sjáland	
PF	Franska Pólýnesía	
PM	Sankti Pierre og Miquelon	
RU	Rússland	
SG	Singapúr	
SH	Sankti Helena	
SX	Sankti Martin	
TT	Trínidad og Tóbagó	
TW	Taívan	
US	Bandaríkin	AS — Bandaríska Samóa GU — Gvam MP — Norður-Maríanaeyjar PR — Púertó Ríkó VI — Bandarísku Jómfrúaeypjar“
VC	Sankti Vinsent og Grenadínur	
VG	Bresku Jómfrúaeypjar	
VU	Vanúatú	
WF	Wallis- og Fútúnaeyjar	

## III. VIÐAUKI

## „1. HLUTI

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði fyrir tilflutning, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, á hundum, köttum og frettum inn til aðildarríkis frá yfirráðasvæði eða þriðja landi í samræmi við 1. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 576/2013

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi		I.2. Tilvisunarnúmer vottorðs	I.2.a.	
	Heiti		I.3. Lögbært stjórnvald		
	Heimilisfang				
	Sími		I.4. Lögbært staðaryfirvald		
	I.5. Viðtakandi		I.6. Aðili sem er ábyrgur fyrir sendingunni í ESB		
	Heiti				
	Heimilisfang				
	Póstnúmer				
	Sími				
	I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði	Kóði	I.9. Viðtökuland
				I.10. Viðtökusvæði	Kóði
I.11. Upprunastaður			I.12. Viðtökustaður		
I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur		
I.15. Flutningatæki			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning til ESB		
			I.17. CITES-nr.		
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-númer)	
				010619	
				I.20. Magn	
I.21. Hitastig afurða				I.22. Heildarfjöldi pakkninga	
I.23. Nr. innsiglis/gáms				I.24. Tegund umbúða	

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I.25. Vörur sem eru vottaðar: Gæludýr <input type="checkbox"/>						
I.26. Til umflutnings til þriðja lands				I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB		
I.28. Auðkenning varanna						
Tegund (Vísindaheiti)	Kyn	Litur	Ræktun arkyn	Auðkennisnúmer	Auðkenningarkerfi	Fæðingardagur [dd/mm/áááá]



**Tilflutningur, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, á hundum, köttum og  
fretum inn til aðildarríkis frá yfirráðasvæði eða þriðja landi í  
samræmi við 1. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 576/2013**

LAND		II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
II. Upplýsingar um heilbrigði		<p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir <sup>(1)</sup>/dýralæknir með leyfi frá lögbæru yfirvaldi <sup>(1)</sup> ..... (<i>heiti yfirráðasvæðis eða þriðja lands</i>) votta að:</p> <p><u>Tilgangur/eðli ferðarinnar, vottfest af eiganda:</u></p> <p>II.1. í meðfylgjandi yfirlýsingu <sup>(2)</sup> frá eiganda eða einstaklingi sem hefur skriflegt leyfi frá eiganda til að annast tilflutning, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, á dýrunum fyrir hönd eiganda, sem er studd sönnunargögnum <sup>(3)</sup>, kemur fram að dýrin sem er lýst í reit I.28 fylgi eigandanum eða einstaklingnum sem hefur skriflegt leyfi frá eiganda til að annast tilflutninginn, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, á dýrunum fyrir hönd eigandans, eigi síðar en fimm dögum frá tilflutningi hans og eru ekki í tilflutningi sem miðar að sölu þeirra eða yfirfærslu eignarhalds, og eru meðan á tilflutningi stendur, sem er ekki viðskiptalegs eðlis, áfram á ábyrgð</p> <p>(<sup>1</sup>) <i>annaðhvort</i> [eigandans,]</p> <p>(<sup>1</sup>) <i>eða</i> [einstaklingsins sem hefur skriflegt umboð frá eigandanum til að annast tilflutning, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, á dýrunum fyrir hönd eigandans,]</p> <p>(<sup>1</sup>) <i>eða</i> [einstaklingsins sem er tilnefndur af flutningsaðila sem eigandinn hefur samið við til að sinna tilflutningi á dýrunum, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, fyrir hönd eigandans,]</p> <p>(<sup>1</sup>) <i>annaðhvort</i> [II.2. dýrin sem er lýst í reit I.28 eru flutt í hóp sem telur fimm dýr eða færri,]</p> <p>(<sup>1</sup>) <i>eða</i> [II.2. dýrin sem er lýst í reit I.28 eru flutt í hóp sem telur fleiri en fimm dýr, eru eldri en sex mánaða og munu taka þátt í keppnum, sýningum eða íþróttaviðburðum eða eru í þjálfun fyrir þessa viðburði og eigandinn eða einstaklingurinn sem um getur í lið II.1. hefur lagt fram sannanir <sup>(3)</sup> fyrir því að dýrin eru skráð</p> <p>(<sup>1</sup>) <i>annaðhvort</i> [til þátttöku í slíkum viðburði,]</p> <p>(<sup>1</sup>) <i>eða</i> [hjá félagi sem skipuleggur slíka viðburði,]</p> <p><u>Vottorð vegna bólusetningar gegn hundaeði og mótefnatírunarprófunar vegna hundaeðis:</u></p> <p>(<sup>1</sup>) <i>annaðhvort</i> [II.3. dýrin sem er lýst í reit I.28 eru yngri en 12 vikna og hafa ekki verið bólusett gegn hundaeði eða þau eru á bilinu 12 til 16 vikna og hafa verið bólusett gegn hundaeði en ekki er liðinn a.m.k. 21 dagur frá því að fyrsta bólusetningin gegn hundaeði fór fram í samræmi við kröfur um gildistíma sem settar eru fram í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 576/2013 <sup>(4)</sup> og</p> <p>II.3.1 yfirráðasvæðið eða þriðja landið sem dýrin koma frá og tilgreint er í reit I.1 er skráð í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013 og aðildarríki ákvörðunarstaðar sem tilgreint er í reit I.5 hefur upplýst almenning um að það gefur leyfi til tilflutnings á slíkum dýrum inn á sitt yfirráðasvæði og þeim fylgir</p> <p>(<sup>1</sup>) <i>annaðhvort</i> [II.3.2. meðfylgjandi yfirlýsing <sup>(5)</sup> eigandans eða einstaklingsins sem um getur í lið II.1 þar sem fram kemur að dýrin hafi frá fæðingu og þar til kemur að tilflutningi, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, ekki komist í snertingu við villt dýr af tegundum sem eru næm fyrir hundaeði]</p> <p>(<sup>1</sup>) <i>eða</i> [II.3.2 móðir þeirra sem þau eru enn háð og hægt er að staðfesta að móðirin hafi fyrir fæðingu þeirra fengið bólusetningu gegn hundaeði sem uppfyllir kröfurnar um gildistíma sem settar eru fram í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 576/2013,]]</p> <p>(<sup>1</sup>) <i>eða/og</i> [II.3. dýrin sem er lýst í reit I.28 voru minnst 12 vikna þegar þau voru bólusett gegn hundaeði og minnst 21 dagur er liðinn frá fyrstu bólusetningu gegn hundaeði <sup>(4)</sup> sem fór fram í samræmi við kröfurnar um gildistíma sem eru settar fram í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 576/2013 og hver síðari endurbólusetning fór fram innan gildistíma fyrri bólusetningar <sup>(6)</sup>, og</p> <p>(<sup>1</sup>) <i>annaðhvort</i> [II.3.1 dýrin sem er lýst í reit I.28 koma frá yfirráðasvæði eða þriðja landi sem er skráð í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013, annaðhvort beint, í gegnum yfirráðasvæði eða þriðja land sem er skráð í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013, eða í gegnum annað yfirráðasvæði eða þriðja land en þau sem skráð eru í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013, skv. c-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 576/2013 <sup>(7)</sup>, og upplýsingarnar um gildandi bólusetningu gegn hundaeði eru gefnar í töflunni hér á eftir,]</p>	

II. hluti: Vottun



**Tilflutningur, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, á hundum, köttum og frettum inn til aðildarríkis frá yfirráðasvæði eða þriðja landi í samræmi við 1. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 576/2013**

**LAND**

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
<b>Athugasemdir</b>		
a)	Þetta vottorð er ætlað fyrir hunda ( <i>Canis lupus familiaris</i> ), ketti ( <i>Felis silvestris catus</i> ) og frettur ( <i>Mustela putorius furo</i> ).	
b)	<p>Þetta vottorð gildir í 10 daga frá því að opinber dýralæknir gefur það út og fram að þeim degi þegar sannpröfun skjala og auðkenna fer fram á tilnefndum komustað inn í Sambandið (aðgengilegt á <a href="http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/pets/pointsentry_en.htm">http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/pets/pointsentry_en.htm</a>).</p> <p>Ef um er að ræða sjóflutninga skal framlengja þetta 10 daga tímabil um viðbótartíma sem samsvarar lengd sjóferðarinnar.</p> <p>Að því er varðar frekari tilflutninga inn til annarra aðildarríkja gildir þetta vottorð í fjóra mánuði í heild frá sannpröfun skjala og auðkenna eða til lokadagsetningar gildistíma bólusetningarinnar gegn hundaeði, eða þar til skilyrðin varðandi dýr sem eru yngri en 16 vikna og um getur í lið II.3 falla úr gildi, eftir því hvor dagurinn er á undan. Vakin er athygli á því að tiltekin aðildarríki hafa upplýst að tilflutningur á dýrum, sem eru yngri en 16 vikna og um getur í lið II.3, inn á yfirráðasvæði þeirra er óheimill. Hægt er að afla upplýsinga á <a href="http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/pets/index_en.htm">http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/pets/index_en.htm</a>.</p>	
<b>I. hluti:</b>		
Reitur I.5: <i>Viðtakandi:</i> tilgreinið fyrsta viðtökuaðildarríki.		
Reitur I.28: <i>Auðkenningarkerfi:</i> veljið eitt af eftirfarandi: merkissvari eða húðflúr.		
<i>Auðkennisnúmer:</i> tilgreinið alstafakóða merkissvara eða húðflúrs.		
<i>Fæðingardagur og -ár/ræktunarkyn:</i> eins og tilgreint af eiganda.		
<b>II. hluti:</b>		
(1) Strikið út það sem á ekki við.		
(2) Yfirlýsingin sem um getur í lið II.1 skal fylgja vottorðinu og vera í samræmi við fyrirmyndina og uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í 3. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013.		
(3) Sönnunargögnin sem um getur í lið II.1 (t.d. brottfararspjald, flugmiði) og í lið II.2 (t.d. kvittun fyrir skráningu í viðburðinn, sönnun fyrir aðild) skal afhenda að beiðni lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á sannpröfununum sem um getur í b-lið athugasemdanna.		
(4) Hver endurbólusetning telst fyrsta bólusetning ef hún fór ekki fram innan gildistíma fyrri bólusetningar.		
(5) Yfirlýsingin sem um getur í lið II.3.2 og fylgir vottorðinu uppfyllir kröfurnar um snið, útlit og tungumál sem mælt er fyrir um í 1. og 3. hluta I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013.		
(6) Vottorðinu skal fylgja staðfest afrit upplýsinganna um auðkenningu og bólusetningu viðkomandi dýra.		
(7) Þriðji möguleikinn er háður þeim skilyrðum að eigandinn eða einstaklingurinn sem um getur í lið II.1 leggi fram, að beiðni lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á sannpröfununum sem um getur í b-lið, yfirlýsingu þar sem fram kemur að dýrin hafi ekki komist í snertingu við dýr af tegundum sem eru næm fyrir hundaeði og séu áfram örugg í flutningatækinu eða á svæði alþjóðaflugvallar meðan á umflutningi í gegnum yfirráðasvæði eða þriðja land, annað en þau sem eru skráð í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013, stendur. Yfirlýsingin skal uppfylla kröfurnar um snið, útlit og tungumál sem settar eru fram í 2. og 3. hluta I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 577/2013.		

**Tilflutningur, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, á hundum, köttum og frettum inn til aðildarríkis frá yfirráðasvæði eða þriðja landi í samræmi við 1. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 576/2013**

**LAND**

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
<p>(<sup>8</sup>) Mótefnatítrunarprófun vegna hundaæðis sem um getur í lið II.3.1:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— skal gerð á sýni sem dýralæknir, með leyfi frá lögbæru yfirvaldi, tekur a.m.k. 30 dögum eftir dagsetningu bólusetningu og þremur mánuðum fyrir dagsetningu innflutnings,</li> <li>— skal mæla gildi hlutleysandi mótefna gegn hundaæðiveirunni í sermi sem svarar til 0,5 IU/ml eða meiri,</li> <li>— skal gerð á rannsóknarstofu sem er samþykkt í samræmi við 3. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/258/EB (skrá yfir samþykktar rannsóknarstofur er aðgengileg á <a href="http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/pets/approval_en.htm">http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/pets/approval_en.htm</a>),</li> <li>— þarf ekki að endurnýja fyrir dýr sem hefur, eftir fullnægjandi niðurstöður úr þeirri prófun, verið endurbólusett gegn hundaæði innan gildistíma fyrri bólusetningar.</li> </ul> <p>Vottorðinu skal fylgja staðfest afrit af opinberri skýrslu samþykktu rannsóknarstofunnar um niðurstöðurnar úr mótefnaprófuninni vegna hundaæðis sem um getur í lið II.3.1.</p> <p>(<sup>9</sup>) Opinber dýralæknir staðfestir með vottun þessarar niðurstaðna að hann hafi sannprófað eftir bestu getu, og ef nauðsyn krefur með því að hafa samband við rannsóknarstofuna sem er tilgreind í skýrslunni, ósvikni skýrslu rannsóknarstofunnar um mótefnatítrunarprófunina sem um getur í lið II.3.1.</p> <p>(<sup>10</sup>) Í tengslum við neðanmálsgrein (6) skal merking viðkomandi dýra með ístungu merkissvara eða með auðlæsilegu húðflúri frá því fyrir 3. júlí 2011 sannprófuð áður en færsla er gerð í þetta vottorð og skal hún ávallt fara fram fyrir bólusetningu eða, eftir atvikum, prófun sem er gerð á þeim dýrum.</p> <p>(<sup>11</sup>) Meðhöndlun gegn <i>Echinococcus multilocularis</i> sem um getur í lið II.4 skal:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— veitt af dýralækni innan 120 klst. en a.m.k. 24 klst. fyrir áætlaða komu hundanna til eins af aðildarríkjunum eða hluta þeirra sem skráðir eru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/878,</li> <li>— veitt með samþykktu lyfi sem inniheldur viðeigandi skammt prasikvantels eða lyfjafræðilega virkra efna sem sýnt hefur verið fram á að, ein og sér eða í samsetningum, dragi úr ásókn <i>Echinococcus multilocularis</i> í þroskuðu og óþroskuðu formi í þörmum viðkomandi hýsiltegunda.</li> </ul> <p>(<sup>12</sup>) Taflan sem um getur í lið II.4 skal notuð til að skjalfesta upplýsingarnar um frekari meðhöndlun ef hún var veitt eftir dagsetninguna þegar vottorðið var undirritað og fyrir áætlaða komu til eins af aðildarríkjunum eða hluta þeirra sem skráðir eru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/878.</p> <p>(<sup>13</sup>) Taflan sem um getur í lið II.4 skal notuð til að skjalfesta upplýsingarnar um meðhöndlun ef hún er veitt eftir dagsetninguna þegar vottorðið var undirritað að því er varðar frekari tilflutning inn til annarra aðildarríkja sem lýst er í b-lið athugasemdanna og í tengslum við neðanmálsgrein (11).</p>		
<p>Opinber dýralæknir/viðurkenndur dýralæknir</p> <p>Nafn (með hástöfum): _____ Menntun, hæfi og titill: _____</p> <p>Heimilisfang _____</p> <p>Sími: _____</p> <p>Dagsetning: _____ Undirskrift: _____</p> <p>Stimpill: _____</p>		

**Tilflutningur, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, á hundum, köttum og frettum inn til aðildarríkis frá yfirráðasvæði eða þriðja landi í samræmi við 1. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 576/2013**

**LAND**

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
Áritun lögbærs yfirvalds (ekki nauðsynlegt þegar vottorðið er undirritað af opinberum dýralækni)			
Nafn (ritað með hástöfum):		Menntun, hæfi og titill:	
Heimilisfang			
Sími:			
Dagsetning:		Undirskrift:	
Stimpill:			
Opinber starfsmaður á komustað ferðamanna (að því er varðar frekari tilflutning inn til annarra aðildarríkja)			
Nafn (ritað með hástöfum):		Titill:	
Heimilisfang			
Sími:			
Tölvupóstfang:			
Dagsetning þegar sannprófun skjala og auðkenna er lokið:		Undirskrift:	Stimpill:“